

Það var raunar sáralítill hæðarmunur á okkur, þegar við vorum mældir frá hvirfli til ilja, en vaxtarlagið var svo ólíkt. Eg var ákaflega kloflangur, og þegar eg gekk, þá stikaði eg stórt og hlammaði niður fótunum þungt og klunnalega. Þar á móti var herra Peacock ákaflega klofstuttur en búklangur, og þegar hann var á ferð, trítlaði hann, og það svo undur hljótt, að líkast var, sem hann hefði dúnkódda neðan í iljunum; það var eins og hann kæmi hvergi við, enda slapp hann við marga skrokkskjóðu í skólanum fyrir þá orsök, að ekki heyrðist til hans, þótt hann væri á ferð. Það mesta, sem til hans heyrðist, var eins og einhvers konar niður, og það jafnvel kom ekki fyrir, nema þegar hann snögglega þurfti að flýta sér. Hinsvegar fékk eg oft margt ónotaorð fyrir þann skarkala, sem eg ætíð gerði, ef eg hreifði mig. En það sem aðgreindi okkur einna mest var, að efri hluti líkama míns, það er að segja það, sem ekki voru fætur, hendur eða höfuð, og sem almennt er kallað búkur, var sívalt eins og kefli. Eg var þessvegna á að líta jafn stór frá hvaða hlið, sem eg var litinn. En herra Peacock var flatur. Hann var ákaflega breiður fyrir brjóst og bak, en frámunalega þunnur til hliðar að sjá. Hann var í raun réttri líkastur planki, sem skörpustu raðirnar hefðu verið heflaðar af. Þegar herra Peacock sat á bekk, þá tók hann talsvert meira rúm en flestir aðrir, og þegar maður horfði þá beint framan að honum, þá virtist manni hann ærið fyrirferðarmikill; en þegar maður svo sá á hliðina á honum, þá næstum hvarf hann. Þegar herra Peacock var staddur í mannþröng, þá kom honum vaxtarlag hans oft að góðum notum, því hann smeygði sér þá á rönd út úr þrönginni án þess nokkur yrði í rauninni var við, þótt hann færi, og það var varla svo þröng rífa, að hann gæti ekki troðið sér í gegnum hana. Við höfðum það stundum að leik í skólanum, að við létum aftur hurðina á herbergi því, er Peacock var inni í, og skildum eftir ofurlitla rífu milli hurðar og dyrastafs, bárum svo að koffort og kistur; gjörðum við þetta til að prófa, hversu mjóa gátt hann gæti komist í gegnum; og einu sinni, er við höfðum haft gáttina svo þrönga, að hann komst ekki út, þá skreið hann undir hurðina; það hafði sem sé verið hár þröskuldur í dyrunum, þegar húsið var smíðað, en var nú orðinn genginn meira en til háls, og herra Peacock